

Sp.

742. Tillaga til þingsályktunar

[234. mál]

um starfrækslu alhliða hótelskóla.

Flm.: Jón Skaftason, Birgir Kjaran, Benedikt Gröndal, Magnús Kjartansson,  
Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning að byggingu eða kaupum á húsnæði til starfrækslu alhliða hótelskóla. Skal að því stefnt, að skólinn verði tilbúinn fyrir haustið 1972.

Greinargerð.

Móttaka erlendra ferðamanna og þjónusta við þá er vaxandi ný atvinnugrein hér á landi, sem tvímælalaust á mikla möguleika, sé rétt að hlutunum staðið.

Árið 1962 nam fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi 17 000, en var kominn upp í 44 099 á s. l. ári, og er þá ekki meðtalinn sá fjöldi þeirra, er heimsótti landið með skemmtiferðaskipum. Námu gjaldeyristekjur af þjónustu við þá 330 milljónum króna í erlendum gjaldeyri, og eru þá ekki meðtaldar tekjur flutningsaðila af flutningi þeirra til og frá landinu.

Þessi öri vöxtur á heimsóknum erlendra ferðamanna til landsins verður þrátt fyrir ófullnægjandi auglýsingaþjónustu hins opinbera á Íslandi sem ferðamannalandi og lélega aðstöðu víða um land til þess að veita erlendum ferðamönnum sambærilega þjónustu á við það, sem víða fæst erlendis. Hlýtur það að benda ótvírátt til þess, að með vissum aðgerðum til úrbóta innanlands megi gera móttöku erlendra ferðamanna og þjónustu við þá að veiganúkilli atvinnugrein, sem fljótlega kæmist í fremstu röð, svo sem víða þekkist annars staðar.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er miðað að því að ryðja úr vegi einni aðalhindruninni fyrir því, að þessu marki verði náð, en allir kunnugir vita, að skortur á sérþjálfuðu hótélstarfsfólki er þröskuldur í vegi þessarar þróunar.

Sá skóli, sem nú er starfræktur fyrir þessa atvinnugrein, menntar eingöngu matreiðslu- og framreiðslumenn, og er það aðeins hluti þeirrar sérmenntunar, sem hótélatvinnugreinin þarfnast. Matsveina- og veitingaþjónaskólinn hefur undanfarin ár starfað við mjög léleg skilyrði, og er nú svo komið, að útilokað er að fjölga nemendum, vegna húsnæðisskorts, hvað þá bæta við nýjum námsgreinum.

Bráðnauðsynlegt er því að skapa þessum skóla framtíðaraðstöðu og yrði þá jafnframt komið á fót vönduðum hótelskóla, er mennti og útskrifi starfsfólk til starfa í íslenskum hótélum. Æskilegast væri, að skólinn yrði rekinn sem lítið hótél, þar sem nemendur fengju alhliða menntun í hótél- og veitingarekstri.

Að undanförunu hafa ferðamál og móttaka erlendra ferðamanna verið mjög á dagskrá hér á landi. Að tilhlutan opinberra aðila hafa a. m. k. tveir sérfróðir menn samið áætlanir um þróun þeirra fram til ársins 1980 og skilað tillögum í þeim efnum. Annar þeirra, prófessor Ejler Alkjær frá Kaupmannahöfn, sem er ráðgjafi Sameinuðu þjóðanna um ferðamál, skilaði skýrslu sinni um þau í september s. l. Áætlað hann, að tala erlendra ferðamanna á Íslandi verði þá orðin 124 000, og er þá ekki meðtalinn sá hópur, sem heimsækir landið með skemmtiferðaskipum og býr um borð yfir dvalartímann hér. Áætlað prófessor Alkjær, að ferðamenn þessir muni eyða hér gjaldeyri, er svarar til tæpra 900 milljóna króna, miðað við núverandi gengisskráningu, og að í hlut flutningaaðila, sem flytja gesti þessa til og frá landinu, komi um 3500 milljónir króna.

Má af þessum tölum sjá, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem vert er fyllstu athygli.